

Re: Beiðni um umsögn - Skipulagslýsing vegna breytinga Aðalskipulags fyrir Baðlón í Vestmannaeyjum

Búið til	19.10.2021 13:24:10
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	19.10.2021 13:24:05
Tilheyrir	202109-0023 - Skipulagslýsing vegna breytinga Aðalskipulags fyrir Baðlón í Vestmannaeyjum, Umsögn

Efni

Re: Beiðni um umsögn - Skipulagslýsing vegna breytinga Aðalskipulags fyrir Baðlón í Vestmannaeyjum

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	19.10.2021 13:24:05	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Pátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	dagny@vestmannaeyjar.is

Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Tilvísun í mál nr. 202109-0023 (SS, IAS).

Vísað er til tölvupósts frá skipulags- og umhverfisfulltrúa Vestmannaeyjabæjar, dags. 21.9.2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands á skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 og nýs deiliskipulags til að gera ráð fyrir baðlóni ofan við Skansinn.

Náttúrufræðistofnun Íslands er ekki lögbundinn umsagnaraðili um skipulagslýsingar og þar sem skipulagsútfærslur á fyrirhuguðu baðlóni eiga eftir að koma betur í ljós og síðari tækifæri verða til að veita umsögn um þær, þá vill Náttúrufræðistofnun á þessu stigi einungis koma á framfæri einni ábendingu.

Áform um heitt baðlón ásamt heitum pottum, gufuböðum og innbyggðum hraunhelli, aðstöðu fyrir veitingasölu og aðra þjónustu fyrir gesti lónsins og möguleiki á um 50 herbergja hóteli eru áætluð á ofan verðum Skansinum og fela í sér miklar breytingar á svæðinu. Byggja á ofan á nútímahrauni sem rann árið 1973 í Heimaeyjargosinu. Hraunið er lítið raskað fyrir utan áningarstað efst á Skansinum næst veginum auk þess sem það er nokkuð gróið m.a. af alaskalúpínu. Verndargildi hraunsins er því til staðar og það fellur undir ákvæði 61. greinar laga um náttúruvernd nr. 60/2013 en það ákvæði fjallar um sérstaka vernd tiltekinn náttúruminja og vistgerða. Samkvæmt lagaákvæðinu ætti einungis að raska hraun af þeim toga ef nauðsyn krefur. Fjalla þarf betur um verndargildi og verndarstöðu hraunsins í skipulagslýsingu en gert er ráð fyrir.

Virðingarfyllst

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Dagný Hauksdóttir" <dagny@vestmannaeyjar.is>

To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC:

Subject: Beiðni um umsögn - Skipulagslýsing vegna breytinga Aðalskipulags fyrir Baðlón í Vestmannaeyjum

Date: 21.9.2021 09:46:12

Góðan dag,

Bæjarstjórn Vestmannaeyja samþykkti 16. september 2021 skipulagslýsingu vegna fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 og nýs deiliskipulags til að gera ráð fyrir baðlóni ofan við Skansinn.

Gert er ráð fyrir heitu baðlóni ásamt heitum pottum, gufuböðum og innbyggðum hraunhelli. Jafnframt verður aðstaða fyrir veitingasölu og aðra þjónustu fyrir gesti lónsins og möguleiki á um 50 herbergja hóteli. Skipulagið mun marka stefnu varðandi staðsetningu baðlónsins, stærð lóðar og skipulag innan hennar, aðkomu að svæðinu, byggingar og mannvirki.

Breyting styður við meginmarkmið Aðalskipulags Vestmannaeyja um að Eyjarnar taki vel á móti ferðamönnum, um uppbyggingu styrkra innviða í sátt við náttúru, samfélag og atvinnulíf, og að gott aðgengi að helstu ferðamannastöðum frá miðbænum.

Meðfylgjandi er skipulagslýsing fyrir fyrirhugaðar skipulagsbreytingar.

Fyrir hönd Vestmannaeyjabæjar vil ég óska umsagnar Náttúrufræðistofnunnar Íslands fyrir 19. október 2021.

Kær kveðja, Dagný Hauksdóttir

Skipulags- og umhverfisfulltrúi

Viðhengi

image001.png (5 KB)